



Félagsráðgjafafélag Íslands

# SKÝRSLA STJÓRNAR

**Fyrir starfsárið 2012-2013**

María Rúnarsdóttir, formaður

Sveindís Anna Jóhannsdóttir, varaformaður og formaður vísindanefndar

Gunnlaug Thorlacius, ritari

Hildigunnur Árnadóttir, gjaldkeri

Berglind Ósk Filippíudóttir, ritstjóri heimasíðu og fulltrúi stjórnar í stjórn

Hollvínafélagsins

Halldór Guðmundsson, meðstjórnandi og tengiliður stjórnar við Háskóla Íslands

Jóna Margrét Ólafsdóttir, meðstjórnandi

## Efnisyfirlit

1. Almennt um Félagsráðgjafafélag Íslands .....	2
2. Fundir og móttökur .....	3
3. Kjara – og vinnumál .....	4
4. Viðburðir á vegum stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands .....	5
5. Tímarit félagsráðgjafa og önnur útgáfa.....	5
6. Fagpólítíkin .....	6
7. Upplýsingamiðlun.....	7
8. Innlent samstarf .....	7
9. Erlent samstarf .....	8
10. Fræðsla, ráðstefnur og fundir .....	8
11. Nám og rannsóknir .....	9



# 1. Almennt um Félagsráðgjafafélag Íslands

## Skipulagsbreytingar

Starfsemi Félagsráðgjafafélags Íslands hefur þetta starfsárið einkennst af skipulagsbreytingum sem ákveðnar voru á síðasta aðalfundi þegar lögum félagsins var breytt, formaður kosinn til fjögurra ára og ákveðið var að hann myndi starfa í fullu starfi og vera jafnframt formaður kjaranefndar og þátttaka formanns í kjaramálum þannig eflid.

## Starfsmannaskipti

María Rúnarsdóttir var kjörin formaður í maí 2012 og kom hún til starfa þann 1. september 2012. Vegna skipulagsbreytinganna var ljóst að starfsemi skrifstofunnar myndi breytast mjög mikið og var starfsmönnum félagsins sagt upp störfum frá og með 1. október 2012. Auglýst var eftir verkefnisstjóra í tímabundið 50% starf í september og var Eldey Huld Jónsdóttir ráðin í starfið frá og með 1. október. Staðan var auglýst tímabundin svo hægt væri að nota veturinn til þess að meta þörf félagsins fyrir starfshlutfall. Gerðar voru breytingar á skrifstofuaðstöðu FÍ til þess að koma fyrir tveimur vinnuaðstöðum og halda í fundaraðstöðuna sem tókst.

Starfsemi Félagsráðgjafafélags Íslands er margbreytileg og tekur tímenn sinn fyrir nýja starfsmenn að komast inn í allan þann fjölda verkefna sem félagsstarfsemin felur í sér og málefni sem sett eru á oddinn hverju sinni. Það var ljóst að starfsemi ársins myndi taka mið af skipulagsbreytingunum og vildi stjórn gera nýjum formanni og starfsmanni félagsins kleift að setja sig vandlega inn í rekstur félagsins og byggja þannig þekkingu þeirra á starfseminni. Með breytingunum var aukin áhersla lögð á kjara- og réttindamál félagsmanna og eru þeir **hvattir til þess að hafa samband við skrifstofu félagsins, símleiðis eða í tölvupósti með fyrirspurnir og ábendingar.**

## Fjöldi félagsmanna áramótin 2012-2013

Félagsráðgjafar með stéttarfélagsaðild voru 336.

Félagsráðgjafar með fagaðild voru 47.

Alls voru félagsmenn FÍ 383 en þeir voru 378 á sama tíma árinu áður.

## Starfsmenn FÍ

María Rúnarsdóttir formaður í 100 % starfi.

Eldey Huld Jónsdóttir verkefnisstjóri í 35 % starfi.

## Opnunartími skrifstofunnar

Fastur opnunartími skrifstofu FÍ er á mánudögum, fimmtudögum og föstudögum frá kl. 9:30-14:30 en **félagsmönnum er bent á að alltaf er hægt að ná í formann FÍ í farsíma 699 5111 og/eða í tölvupósti.**

## Á skrifstofu FÍ geta félagsráðgjafar fengið eftirfarandi þjónustu:

Upplýsingar um kjaramál

Aðstoð við gerð kjarasamninga og aðstoð við að sækja rétt sinn

Upplýsingar um sérfræðiréttindi

Sótt námskeið og fyrirlestra

Keypt tímarit félagsráðgjafa, Félagsráðgjafatalið, siðareglur félagsráðgjafa o.fl..

## 2. Fundir og móttökur

### Fundir stjórnar

Stjórn fundar að jafnaði fyrsta þriðjudag í mánuði, í tvo tíma í senn. Einnig hefur stjórn mikil samskipti í gegnum síma og tölvupóst varðandi einstaka málefni. Það voru haldnir 9 stjórnarfundir á þessu starfsári og starfsdagur í október. Ekki voru haldnir fundir í júlí og ágúst en aukafundur var haldinn í júní.

### Heimsóknir á vinnustaði

Formaður heimsótti félagsmenn á átta vinnustöðum haustið 2012 til að kynna sig og áherslur stjórnar starfsárið 2012-2013. Fundirnir voru haldnir í samstarfi við trúnaðarmenn á hverjum stað. Ánægja var með fundina en á þeim lagði formaður meðal annars áherslu á mikilvægi þess að efla fagvitund félagsráðgjafa og voru þeir hvattir til að taka virkan þátt í samfélagsumræðunni með ritun greina í fjölmiðla, um starf félagsráðgjafa, um áhrif stefnumörkunar á líf fólks, vera málsvarar, vekja athygli á störfum félagsráðgjafa. Heimsóknum á vinnustaði verður haldið áfram fram á vor og eru **félagsmenn hvattir til að boða formann til fundar við sig.**

### Fundir með deildum FÍ

Formaður fundaði með fagdeildum og landshlutadeildum til að kynna sig og kynnast starfi deildanna. Fundað var með öllum landshlutadeildum utan Vesturlands en gert er ráð fyrir þeim fundi í apríl næstkomandi. Fundað var með stjórnnum fagdeilda í barnavernd, áfengis-og vímuefnaráðgjöf, skóla- og fræðsluviði og félagsráðgjafa sem vinna að málefnum fatlaðs fólks.

### Fundur með trúnaðarmönnum

Kjaranefnd fundaði með trúnaðarmönnum Félagsráðgjafafélags Íslands í febrúar. Starf trúnaðarmanna er mjög mikilvægt í starfi stéttarféлага og er það stefna kjaranefndar að byggja upp öflugt trúnaðarmannaráð sem er vel inni í kjara-og réttindamálum félagsmanna á vinnustöðum. **Félagsmenn eru hvattir til þess að kjósa sér trúnaðarmann** á þeim vinnustöðum þar sem fimm félagsráðgjafar eða fleiri starfa. Einnig er heimilt að kjósa trúnaðarmann fyrir landshlutasvæði og hafa **landshlutadeildirnar verið hvattar til þess að standa fyrir kosningu trúnaðarmanns fyrir landshlutann.**

### Fundir með Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Formaður hefur fundað með fulltrúum Félagsráðgjafardeildar við HÍ í tvígang með það að markmiði að auka tengslin milli FÍ og HÍ. Á fundunum hefur verið farið yfir margvísleg málefni sem tengjast þróun félagsráðgjafar. Formaður situr í starfshópi Félagsráðgjafardeildar sem vinnur að gæðaúttekt á deildinni.

### Fundir með Hollvinafélagi Félagsráðgjafardeildar

Formaður fundaði með stjórn Hollvinafélags Félagsráðgjafardeildar og tók þátt í aðalfundi félagsins. Óskað var eftir auknum tengslum við stjórn FÍ og bauð Berglind Ósk Filippíudóttir sig fram í stjórn félagsins.

### Fundur með stjórn Ólafíu, félags framhaldsnema í félagsráðgjöf við HÍ

Formaður hefur fundað með stjórn Ólafíu þar sem meðal annars var rætt um alþjóðadag félagsráðgjafa sem er haldinn þann 19. mars næstkomandi. Félagsráðgjafanemar ætla að

kynna félagsráðgjöf á Fésbók í tilefni alþjóðadagsins og eru félagsráðgjafar hvattir til að fylgjast með og taka þátt í herferðinni. **Einnig er í undirbúningi gerð myndbands um félagsráðgjöf og eru áhugasömum félagsráðgjöfum sem vilja taka þátt í gerð þess bent á að senda upplýsingar á [felagsradgjof@felagsradgjof.is](mailto:felagsradgjof@felagsradgjof.is) sem fyrst.** Formaður kemur einnig inn í kennslu félagsráðgjafanema sem eru að fara að útskrifast til að kynna félagið og starfsemi þess. Með þessu viljum við efla tengsl við verðandi félagsráðgjafa í þeirri von að þeir verði virkir félagsmenn í framtíðinni.

### **Móttaka útskriftarnema**

Árlega býður Félagssráðgjafafélag Íslands útskriftarnemum úr Félagssráðgjafardeild við Háskóla Íslands í móttöku þeim til heiðurs þar sem þeir undirrita meðal annars eiðstaf.

Starfsþjálfunarkennurum er einnig boðið í móttökuna. Í undirbúningi móttökunnar kom fram beiðni frá Hollvínafélagi Félagssráðgjafardeildar hvort félagið gæti tekið þátt í athöfnuninni en félagið ætlaði að veita viðurkenningu til eins nemanda í útskriftarhópnum fyrir góðan námsárangur.

### **Fagråd félagsins**

Stjórn FÍ hefur á síðastliðnum misserum rætt um hvort stofna eigi fagråd FÍ með formönnum fagdeilda og fulltrúa úr stjórn sem gæti mótað hina faglegu stefnu félagsins, haldið utanum fræðslu. Það var stofnað fagråd fyrir Tímarit félagsráðgjafa og skoða þarf hvort hægt sé að endurvekja það og auka hlutverk þess. Umræðu um fagråd hefur ekki verið haldið á lofti þetta starfsárið enda í mörgu að snúast í skipulagsbreytingum en mikilvægt er að halda þessum hugmyndum til haga.

## **3. Kjara – og vinnumál**

### **Aukin áhersla á kjaramál**

Skipulagsbreytingar þær sem gerðar voru á félaginu á síðasta aðalfundi eiga meðal annars að efla heildarsýn yfir starfsemi félagsins og efla stéttarfélagshlutverk félagsins. Formaður hefur nú verið starfandi í rúmt hálf ár og tekur hugrenningar um skipulag félagsins til umfjöllunar í stjórn og kjaranefnd því mikilvægt er að halda vakandi auga yfir því lærdómsferli sem félagið er í. Það er mikil breyting að formaður félagsins sé jafnframt formaður kjaranefndar en gerð er grein fyrir störfum kjaranefndar í skýrslu kjaranefndar.

### **Vinnumál**

Ekki eru margir félagsráðgjafar atvinnulausir um þessar mundir og er nokkur eftirspurn eftir félagsráðgjöfum til starfa. Um 30 félagsráðgjafar útskrifuðust frá HÍ vorið 2012 og er gert ráð fyrir svipuðum eða jafnvel stærri hópi vorið 2013. **Því er mikilvægt að félagsmenn haldi vöku yfir stöðum sem auglýstar eru á sínum vinnustað því það hefur borið á því að auglýst sé eftir ráðgjöfum en ekki félagsráðgjöfum og stöðurnar ekki auglýstar í gegnum Félagssráðgjafafélag Íslands.**

### **Félagafrelsi**

Félagssráðgjafar ráða sig í æ meira mæli til starfa á almennum vinnumarkaði til dæmis hjá Virk starfsendurhæfingarsjóði og hjá starfsendurhæfingarstöðvum. **Mikilvægt er að félagsmenn séu meðvitaðir um að það ríkir félagafrelsi á Íslandi og þeir eiga rétt á að vera í sínu fag- og stéttarfélagi óski þeir þess.** Einnig bendum við félagsmönnum á að leita ráðgjafar

hjá félaginu áður en gengið er frá ráðningarsamningi til þess að réttindi þeirra séu sem best tryggð þegar samið er um kjör á almennum vinnumarkaði.

### **Sjóðir og styrkir BHM**

Stjórn vill vekja athygli félagsmanna á því að félagsráðgjafar sem greiða í FÍ eiga rétt á styrkjum úr styrktar /sjúkrasjóði og starfsmenntunarsjóði BHM. Mikilvægt er að félagsmenn haldi vöku sinni yfir réttindum sínum í sjóðunum **og komi ábendingum um það sem þeim finnst mega betur fara varðandi sjóðina til félagsins** svo fulltrúar þess í nefndum og ráðum geti komið þeim á framfæri.

## **4. Viðburðir á vegum stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands**

### **Jónsmessuganga 2012**

Félagsráðgjafafélag Íslands hefur til margra ára skipulagt Jónsmessugöngu fyrir félagsmenn. Það var engin breyting á þetta árið, gangan var skipulögð og auglýst meðal félagsmanna á póstlista í tvígang en **þátttaka var engin**.

### **Árshátíð nóvember 2012**

Árshátíðin var haldin þann 3. nóvember 2012 með svipuðu sniði og fyrri ár. Mætingin var heldur **dræm þetta árið en um 30 manns** voru mættir á árshátíðina en um 55 höfðu skráð sig til leiks. Þess ber að geta að eitt mesta óveður sem gengið hefur yfir landið gerði það einmitt þessa helgi. Þökkum við veislustjóra og hinni frábæru skemmtinefnd fyrir þeirra framlag. Skemmtinefndin lét gera sérmerкта penna í tilefni árshátíðarinnar sem vakið hafa mikla ánægju meðal félagsmanna. Enn eru til hálsbönd frá árshátíðinni 2011.

### **Jólafundur 2012**

Sú nýbreytni var í ár að haldinn var jólamorgunverðarfundur í stað hins árlega jólahlaðborðs. Morgunverðarfundurinn **mæltist vel fyrir og komu um 60 félagsmenn** til að hlýða á erindi þeirra Láru Björnsdóttur og Valgerðar Halldórsdóttur félagsráðgjafa um jólin og fjölskylduna. Gísli Magnason söngvari og Aðalheiður Þorsteinsdóttir píanóleikari léku nokkur jólalög og fundurinn endaði á samsöng félagsráðgjafa undir stjórn Gísla Magnasonar. Félagsráðgjafar áttu notalega stund þótt hitastigið í sal Grand Hótelshéð hefði mátt vera aðeins hærra.

## **5. Tímarit félagsráðgjafa og önnur útgáfa**

Tímarit félagsráðgjafa kom út í maí 2012 og **er mikil tilhlökkun eftir því næsta sem kemur með vorinu**. Stjórnin þakkar ritstjóra okkar Dr. Sigrúnu Júlíusdóttur félagsráðgjafa sem hefur ritstýrt ritinu af stakri snilld og meðstjórnendum hennar í ritstjórn þeim Halldór Sig. Guðmundssyni og Helgu Sól Ólafsdóttur.

Félagið stóð ekki fyrir annarri útgáfu á árinu.

## 6. Fagpólítíkin

### Félagsráðgjafafélagið í fjölmiðlum

Það er stefna stjórnar að taka þátt í samfélagsumræðunni og gera félagið og félagsráðgjafa sýnilega í íslensku samfélagi. Þetta starfsárið hefur stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands sent frá sér tvær ályktanir til fjölmiðla vegna stöðu stofnanasamnings á Landspítala. Ályktanirnar voru birtar í vefmiðlum og tók mbl.is/sjonvarp viðtal við formann vegna stöðunnar.

### Félagsráðgjafar í fjölmiðlum

Stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands hefur síðastliðin ár lagt áherslu á að virkja félagsráðgjafa til fagpólíttískrar þátttöku með aukinni þátttöku í umræðu um samfélagsmál. Formaður hefur talað fyrir þessari stefnu á fundum með félagsmönnum og hvatt þá til að skrifa um samfélagsleg málefni sem eru í umræðunni á hverjum tíma. **Það er mikilvægt að félagsráðgjafar séu sýnilegir á Íslandi fyrir fagímynd stéttarinnar og ekki síður sem vopn í kjarabaráttu félagsmanna.**

Félagsráðgjafafélagið er með samning við Fjölmiðlavaktina og fær félagið sendar upplýsingar um greinar og viðtöl við félagsráðgjafa sem koma í helstu fjölmiðlum landsins. Athygli félagsmanna er vakin á greinum og /eða viðtölum við félagsráðgjafa á Fésbókarsíðu félagsins.

### Umsagnir um þingmál og frumvörp

Stjórn hefur einnig lagt áherslu á að skrifa umsagnir um þingmál og frumvörp til laga sem félaginu berast. Umsagnarbeiðnir berast oft með mjög litlum fyrirvara og er markmiðið að búið sé að koma þeim í farveg innan þriggja daga þar sem oft á tíðum þarf að leita þekkingar út fyrir stjórn félagsins auk þess sem það er stefna stjórnar að virkja fleiri félagsráðgjafa á þessum fagpólíttíska vettvangi. Umsagnir eru oft sendar fagdeildum ef málefnið snertir sérsvið þeirra. Til að mynda hefur stjórn fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd skrifað tvær umsagnir þetta starfsárið. Einnig hefur verið kallað til félagsmanna vegna einstakra mála. Til dæmis komu 15 félagsmenn að umsögn félagsins um heilbrigðisáætlun til ársins 2020 og var félagið boðað á fund velferðarnefndar til að kynna breytingartillögur sínar. Félagið skrifaði einnig umsögn um nýja reglugerð um starfs- og sérfræðileyfi félagsráðgjafa og var boðað til fundar í velferðarráðuneytinu til að fylgja umsögn sinni eftir.

#### Umsagnir sem skrifaðar hafa verið á starfsárinu:

- Umsögn um drög að heilbrigðisáætlun til 2020, september 2012. Beiðni kom frá velferðarráðuneyti.
- Umsögn um reglugerð um starfs- og sérfræðileyfi félagsráðgjafa, október 2012. Beiðni kom frá velferðarráðuneyti.
- Umsögn um breytingu á lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007, 36. mál, nóvember 2012
- Umsögn um þingsályktun um jafnt búsetuform barna er búa á tveimur heimilum, 152. mál, nóvember 2012.
- Umsögn um framkvæmdaáætlun í barnavernd, 458. mál, febrúar 2013.
- Umsögn um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, 323. mál, febrúar 2013.

Fagdeildir félagsins gegna mikilvægu hlutverki í umsagnarskrifum og þátttöku félagsráðgjafa í umræðu á samfélagslegum vettvangi. Það er hvorki til fagdeild félagsráðgjafa í félagsþjónustu né heilbrigðisþjónustu og hvetjum við áhugasama félagsmenn um að stofna þessar fagdeildir á næsta starfsári.

## 7. Upplýsingamiðlun

### Tölvupósturinn

Félagsráðgjafafélagið sendir reglulega póst á póstlista félagsmanna þar sem athygli þeirra er vakin á áhugaverðum málþingum og ráðstefnum auk annarra tilkynninga. Það er enginn skortur á áhugaverðum fundum sem félagsráðgjafar geta sótt og til þess að draga aðeins úr magni tölvupósts hefur verið reynt að sameina upplýsingar í einn póst ef hægt er. Það vill brenna við að félagsmenn séu ekki með skráð netfang hjá félaginu eða þá að það er rangt. **Við minnum alla á að senda okkur tilkynningu þegar og ef breytingar eru á netfangi ykkar svo þið fylgist örugglega með.**

### Heimasíðan

Félagsráðgjafafélagið er að uppfæra heimasíðuna sína og hefur núverandi síða ekki verið nægjanlega viðhaldið fyrir vikið. Heimasíðan nýja opnar núna í mars.

### Félagsráðgjafafélagið er á Fésbók

Fésbókarsíða félagsins hefur verið mikið notuð þetta starfsárið. Á síðunni er athygli félagsráðgjafa vakin á félagsráðgjöf í fréttum og upplýsingar um áhugaverð námskeið eru sett þar inn, til að mynda þegar pláss losnar skyndilega. Verið er að breyta síðunni í „like“ síðu og **hvetjum við félagsmenn til að líka við síðuna og gera Félagsráðgjafafélag Íslands að ánægjuefni hjá sér (like).**

### Fréttabréf FÍ

Nýjung í upplýsingamiðlun til félagsmanna er rafrænt fréttabréf sem sent var út rétt fyrir jólin í fyrsta sinn. Stefnt er að því að rafræn fréttabréf verði send til félagsmanna þrisvar til fjórum sinnum á ári.

## 8. Innlent samstarf

**Félagsráðgjafafélag Íslands er í miklu samstarf við**

### Fulltrúar FÍ í stjórnnum, nefndum og ráðum

- María Rúnarsdóttir er í formannaráði BHM og er fulltrúi BHM í verkefnisstjórn Liðsstyrks. María situr ennfremur í stjórn RBF og vinnur með gæðahópi Félagsráðgjafadeildar HÍ að úttekt á náminu.
- Vilborg Oddsdóttir situr í stjórn BHM og í stýrihópi um fag-og kynningarmál BHM
- Valgerður Halldórsdóttir er í stýrihópi um fag-og kynningarmál BHM og í Velferðarvakt Velferðarráðuneytis fyrir hönd BHM.
- Sverrir Óskarsson er varaformaður vinnuumhverfisnefndar BHM
- Jóna Margrét Ólafsdóttir er í jafnréttisnefnd BHM
- Unnur V. Ingólfssdóttir er formaður Orlofssjóðs BHM
- Guðbjörg Edda Hermannsdóttir situr í Styrktarsjóði BHM



- Sveindís Anna Jóhannsdóttir er til vara í samráðsnefnd BHM, BSRB og Reykjavíkurborgar um réttindi og skyldur borgarstarfsmanna
- Berglind Ósk Filippíudóttir situr í stjórn Hollvinafélags Félagsráðgjafadeildar HÍ.
- Erla Sigurðardóttir er fulltrúi FÍ í Félagi fagfólks um endurhæfingu – FFE

## 9. Erlent samstarf

### **NSSK (Nordisk socionomers samarbets kommité)**

Félagsráðgjafafélag Íslands er í NSSK en fulltrúar félaganna halda fundi tvisvar á ári. Formaður hefur sótt norræna fundi á vegum NSSK. Fundur var haldinn í október 2012 í Kaupmannahöfn og næsti fundur er í Osló 18-19. Mars en Noregur hefur nú tekið við formennsku í samstarfinu. NSSK styrkir FÍ um ferðir og gistikostnað fyrir einn fulltrúa.

NSSK er að skoða hvenær hægt sé að halda sameiginlega ráðstefnu með norrænu þroskaþjálfafélögum eins og haldin var hér á landi í ágúst 2011. Félagsmenn fá sendar upplýsingar um leið og dagsetning liggur fyrir.

NSSK veitti þremur félagsmönnum FÍ styrk til að sækja heimsráðstefnu IFSW í Stokkhólmi þann 9. – 12. Júlí 2012 og fóru þær Jóna Margrét Ólafsdóttir, Þórhildur Guðrún Egilsdóttir og Steinunn Bergmann á ráðstefnuna.

### **IFSW (International Federation of Social Workers)**

Félagsráðgjafafélag Íslands er einnig meðlimur í IFSW en samtökin skipuleggja m.a. heimsráðstefnu félagsráðgjafa og alþjóðadag félagsráðgjafa sem félagið tekur þátt í að fagna. Í ár er yfirskrift alþjóðadagsins „Félagsráðgjöf og félagslegt og efnahagslegt jafnrétti“.

## 10. Fræðsla, ráðstefnur og fundir

### **Fræðsla á vegum BHM**

Mikilvægt að félagsmenn skoði vel fræðsludagskrá BHM til að fólk geti séð hvað þar er í boði en á vorönn eru 12 námskeið í boði.

### **Námskeið fyrir félagsmenn**

Ekki hafa verið haldin námskeið fyrir félagsmenn þetta starfsárið. Ef þið hafið hugmyndir um námskeið komið þeim til okkar og við munum reyna að koma því að hjá okkur eða þá í gegnum BHM.

### **Ráðstefnur, málþing og fundir**

Fagdeildir félagsins hafa haldið málþing og fundi fyrir félagsmenn á þessu ári og má sjá upplýsingar um starfsemi deildanna í skýrslum þeirra sem eru á heimasíðunni. Félagsráðgjafafélag Íslands var samstarfsaðili að ráðstefnunni Heimili – meira en hús sem haldin var á Grand Hótel 1. mars síðastliðinn. Ráðstefnuna sóttu um 350 manns en það var þroskahjálp, Þroskaþjálfafélag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga auk FÍ sem stóðu fyrir ráðstefnunni.

## 11. Nám og rannsóknir

### Nám

Félagsráðgjöfum er bent á að nám í fjölskyldumeðferð hefst haustið 2013 í samstarfi við Félagsráðgjafardeild HÍ, Félag fagfólks í fjölskyldumeðferð og Rannsóknarstofu í barna-og fjölskylduvernd. Upplýsingar er að finna á [www.endurmenntun.hi.is](http://www.endurmenntun.hi.is)

Einnig er stefnt að því að hefja nám við Endurmenntun HÍ um kynfræði í samstarfi félagsráðgjafardeildar, guðfræði- og trúarbragðafræðideildar og hjúkrunarfræðideildar. Upplýsingar er að finna á [www.endurmenntun.hi.is](http://www.endurmenntun.hi.is)

Félagsráðgjafardeild HÍ, Handleiðarafélag Íslands og Endurmenntun HÍ vinna að því að þróa og setja á dagskrá nám í handleiðslufræðum. Liður í þeirri vinnu er að kanna áhuga fagstétta og frá fram viðhorf þeirra til ákveðinna þátta og var send út könnun á félagsmenn FÍ í janúar síðastliðnum vegna þessa.

### Rannsóknir

Með þeirri breytingu sem gerð var á félagsráðgjafanáminu verður til mikill fjöldi rannsókna á málefnum sem tengjast félagsráðgjöf. Rannsóknirnar er hægt að finna á [skemman.is](http://skemman.is) undir félagsvísindasvið með því að leita eftir leiðbeinanda. Óskað var eftir þátttöku starfandi félagsráðgjafa í tveimur rannsóknum og sendi Félagsráðgjafafélag Íslands spurningalista á félagsmenn sína annars vegar vegna rannsóknar á kulnun meðal félagsráðgjafa á Íslandi og hins vegar vegna rannsóknar á viðhorfum félagsráðgjafa til gagnreyndra aðferða. Niðurstöður rannsóknar á kulnun voru sláandi en rúmlega 30% þátttakenda uppfylltu viðmið um kulnun. Séu niðurstöðurnar yfirfærðar á félagsmenn í heild má gera ráð fyrir því að um 120 félagsráðgjafar upplifi kulnun. Félagsráðgjafar eru hvattir til þess að kynna sér niðurstöður rannsóknarinnar og taka upp umræður um streitu og kulnun á sínum vinnustað.

Við vonumst til þess að sjá aukinn áhuga hjá MA nemum í félagsráðgjöf á því að rannsaka málefni sem tengjast félagsráðgjöfum á vettvangi og leiti eftir aðstoð félagsins til að kanna viðhorf félagsmanna. Rannsóknir er hægt að finna á [www.skemman.is](http://www.skemman.is) með því leita eftir leiðbeinendum við Félagsráðgjafardeild við HÍ.

Rannsóknasetur í barna-og fjölskylduvernd gerir auk þess fjölda rannsókna og er hægt að nálgast skýrslur og yfirlit hér : <http://www.rbf.is/skyrslur>. RBF stendur auk þess fyrir reglulegum málþingum og fundum og er þema málstofuraðar vorsins 2013 fæðingarorlof og foreldrajafrétti. Formaður FÍ á sæti í stjórn RBF.

## 12. Tillögur og áætlanir um störf félagsins á yfirstandandi ári

Komandi starfsár Félagráðgjafafélags Íslands mun einkennast af tveimur stórum verkefnum, undirbúningi kjarasamninga árið 2014 og fimmtíu ára afmæli félagsins sem er þann 19. febrúar 2014.

Stjórn hefur ákveðið a skipa afmælisnefnd til að undirbúa afmælisárið og viðburði því tengdu. Nefndin þarf að vera skipuð félagráðgjöfum á öllum aldri og af fjölbreytilegum starfsvettvangi og í samstarfi við Félagráðgjafardeild HÍ og Hollvinafélag Félagráðgjafardeildar.

Kjarasamningar losna fyrir en upphaflega var áætlað vegna samkomulags við aðila um styttingu þeirra um tvo mánuði. Þetta þýðir að undirbúningur kjarasamninga þarf að hefjast sem fyrst. Kjaranefndin segir meira frá sínu hlutverki og hugmyndum í sinni skýrslu.

Breytingar á skipulagi félagsins gera það að verkum að óhjákvæmilegt er að skoða skipulag þess í stærra samhengi og skoða hvernig hægt er að virkja félagsmenn, deildir og nefndir enn frekar en nú er í faglegu starfi félagsins og í málsvarshlutverki okkar.

Mikilvægt er að rýna rekstur félagsins með hliðsjón af breyttum áherslum og möguleika á að lækka félagsgjöld enn frekar. Jafnframt þarf að leggja mat á þörf félagsins fyrir stöðugildi en verkefnastjóri er tímabundin ráðinn.

Nýrrar stjórnar bíða ófá og spennandi verkefni á komandi starfsári. Félagsmenn geta alltaf komið hugmyndum sínum á framfæri við stjórn félagsins sem tekur þær til umfjöllunar á fundum sínum.

### Lokaorð

Kæru félagráðgjafar!

Í ljósi niðurstaðna rannsóknar á kulnun meðal félagráðgjafa á Íslandi haustið 2012 viljum við hvetja ykkur til að sækja handleiðslu, stunda hreyfingu og fá góða hvíld. Það er ljóst að streita hefur verið mikil og langvarandi í störfum félagráðgjafa og er enn mikilvægara nú en áður að við hlúum að okkur sjálfum. Ekki síður er mikilvægt að við hugsum um fagmanninn, félagráðgjafann, og skoðum hvort við ástundum fagleg vinnubrögð eða hvort við þau hafi orðið undir í baráttunni við streituna. Félagráðgjafafélag Íslands vill leggja sitt af mörkum til bæta vinnuaðstæður og-umhverfi félagráðgjafa. Félagsmenn sem eru með góðar hugmyndir um hvað félagið getur gert félagsmönnum til stuðnings eru beðnir um að koma þeim á framfæri við stjórn Félagráðgjafafélags Íslands.

Fyrir hönd stjórnar með kærri kveðju,  
María Rúnarsdóttir, formaður